

80 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 30. júní. aðflutning á sauðfje frá Englandi. — Af hjálagðri samstundis meðtekinni fundar- áskorun virðist mega sjá, að von sje þessa dagana á ensku sauðfje með gufuskipinu «Camoens» annaðhvort til Reykjavíkur eða til Hafnarfjarðar. Þó nú ekki hafi verið gefið út neitt slíkt bann, sem getur um í umburðarbrjefi frá 14. apríl 1875 (stjórnar- tíðindi B. 27.), að því er snertir flutning á sauðfje frá Englandi, virðist ástæða vera til að viðhafa sterkt eptirlit með slíkum flutningi, því það er kunnugt, að fjárkláði og aðrir næmir sjúkdómar, sem ekki ganga hjer á landi, eru innlendir annarstaðar, og þó þeir þar ekki geri svo mikinn skaða, að almenn vandræði risi af þeim, sýnir reynslan, að slíkt geti orðið hjer á landi.

Jeg vil því skora á yður, herra amtmáður, að hlutast til um að kindur þær, er getur um í fylgiskjalinu, verði, undir eins og gufuskiði «Camoens» hefir hafnað sig og áður en þær eru fluttar í land, skoðaðar með allri varúð af 2 greindum fjár- mönnum. Reynist skepnurnar sjúkar af hættulegum sjúkdómi, má ekki flytja þær í land; en sjeu þær álitnar heilbrigðar, verður minnst 3 vikur að halda þeim aðskildum frá öðrum skepnum undir nákvæmu eptirliti greindra fjármanna, allt að ráðstöfun hlut- aðeigandi lögreglustjóra og samkvæmt nefnu umburðarbrjefi mínu frá 14. apríl 1875.

81 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um rit um jurtaríki Íslands. 9. júlí. — Samkvæmt beiðni adjunkts C. C. H. Grönlunds, sem ráðgjafinn árið 1876 veitti 500 kr. styrk til þess að ferðast til Íslands til að rannsaka jurtaríki landsins, lofaði ráðgjafinn í brjefi frá 13. janúar þ. á. að kaupa 100 exemplör af riti eptir hann um jurtaríki Íslands, svo að það geti komið fyrir almenningssjónir. Ráðgjafinn hefir þar eptir frá bókaverzlun Gyldendals tekið á móti nefndri tölu af ritinu, og sendast yður hjer með, herra landshöfðingi, 95 expl. af því með tilmælum um, að þjer þóknanlega vilduð hlutast til um útbýtingu þeirra á Íslandi á sem haganlegastan hátt; í þessu til- liti skal tekið fram, að senda ber hverju af opinberum bókasöfnum landsins um sig 1 expl., og hefir höfundurinn þess utan á sínum tíma látið í ljósi, að það að hans áliti myndi glæða áhuga manna á að kynna sjer grasafreði Íslands, ef t. a. m. hinir dug- legustu af eldri lærisveinum lærða skólans, prestaefni eða læknaefni gætu eignast ó- keypis 1 expl. af riti um grasfreði landsins.

82 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hjónavígslubrjef. — Ráð- 21. júlí. gjafinn fellst hjer með á tillögur yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 10. f. m. um, að ókeypis<sup>1</sup> hjónavígslubrjef verði afhent af landshöfðingja. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

83 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bókagjöf handa stiptisbóka- 21. júlí. safninu. — Eptir að háskóla bókavörður S. Birket-Smith hafði skýrt ráðgjafanum frá, að hann hefði umboð Geheime Etazráðs Dr. juris & philos. A. F. Kriegers til að bjóða

1) Hjónavígslubrjef fyrir borgun eru samkvæmt tilskipun 23. maí 1800 III. afhent af amtmönnum.

stiptisbókasafninu í Reykjavík talsvert safn af bókum, og fylgdi þar með skrá yfir bækurnar, hefir ráðgjafinn fyrir hönd stiptisbókasafnsins meðtekið hina framboðnu gjöf, og jafnframt þessu hefir verið gjörð ráðstöfun til þess, að bækurnar yrðu látnar í kassa og sendar með gufuskipinu «Valdemar» á ferð þess út til Íslands 23. þ. m. 83  
21. júl.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir stjórnöndum stiptisbókasafnsins, læt jeg ekki hjálíða að senda yður ofanefnda skrá yfir hinar gefnu bækur.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til gagnfræðanáms af fje því, sem veitt er til eflingar búnaði.* — Í brjefi frá 4. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, samkvæmt tillögum amtsráðsins í suðurumdæminu mælt fram með því, að 100 kr. styrk þeim til að læra búfræði í Noregi, er með brjefi mínu frá 10. maí þ. á. var veittur Guðmundi Ögmundssyni frá Steinsholti í Árnessýslu af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, verði varið sem styrk handa tjeðum pilti á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum í Hörgárdal. 84  
29. júl.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg, með því að 9. gr. C. 4. fjárlaganna, ákveður fje til eflingar búnaði, og með því ekkert fje er veitt til ölmusustyrks við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, sjái mjer ekki fært að veita það, er þannig hefir verið sótt um.

— Brjef landshöfðingja til *sýslumannsins í Nordurmúlasýslu um lán til barnaskólafnunar.* — Í brjefi frá 7. þ. m. hefir hreppsnefndin í Seyðisfjarðarhreppi meðal annars farið þess á leit, að sjer verði veitt 3—5000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að koma upp barnaskólahúsi fyrir hreppinn. 85  
29. júl.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að hreppurinn muni geta fengið 3000 kr. lán úr viðlagasjóði gegn 6% árlegri afborgun og vöxtum af upphaflegri upphæð skuldarinnar í 28 ár, til þess að stofna barnaskóla, ef sýslunefndin samþykkir slíka lántöku, og býst jeg við að hreppsnefndin sendi manni hjer í Reykjavík ótakmarkað umboð til að taka lánið með skuldbindingum þeim, er tilteknar verða í skuldabryefinu.

Þetta umboðsskjal verður hreppsnefndin öll að skrifa undir, og verður þar að auki að útvega áteiknun sýslunefndarinnar á umboðsskjalið, um hið nefnda samþykki.

— Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um Elliðaáamalið.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 1. þ. m. skrifað mjer á þessa leið: 86  
30. júl.

«Hjer með sendi jeg yður, herra landshöfðingi, til ráðstöfunar umboðsskjal, sem gefið hefir verið út að konungsboði handa landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni og dagsett er í dag, til ítarlegri rannsóknar og dómsatkvæðis á ofbeldisverkum þeim gegn laxakistum kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum, sem frá er skýrt í eptirriti því af rjettarrannsóknnum, sem hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar frá 2. f. m., sem og til að hefja rannsókn gegn sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kr. Jónssyni, með tilliti til svars þess, er sagt er að hann hafi gefið mönnum þeim, sem